

Bókaútgáfan Helgafell gefur út fleiri bækur nú fyrir jól en nokkru sinni áður. Þar á meðal eru vandaðar listaverka bækur, nýjar ljóðabækur og skáldsögur eftir íslensku höfundum, t. d. Laxness og Þórberg.

Ragnar Jónsson sagði fréttamanni Tímans, að ástæðan til þess að forlagið sæi sér fært að gefa út svo margar og góðar bækur, væri sú, að fyrirtækið hefði tekið upp nýtt söluform.

— Undanfarið ár gekk bókasala hjá okkur betur en nokkru sinni fyrr, sagði Ragnar, — og það er breytt söluform. Þess vegna getum við ráðizt í meiri útgáfu en áður.

— Í hverju liggur breytingin á sölunni?

— Við erum hættir umboðssölu eins og áður hefur tíðkast, svaraði Ragnar, — og nú seljum við bóksölunum bækurnar eins og hvern annan varning og fáum andvirði bókinda greitt út í hönd. Um boðssölukerfið var að fara með allt til andskotans. Við sendum kannske dýrar og viðkvæmar lista verkabækur bóksölum úti á landi, þar lágu þessar bækur óseldar, meðan hörgull varð á þeim hér í bænum, voru síðan endursendar meira og minna skemmdar aftur suður og þá kannske mesta eftirspurnin liðin hjá. Bóksalar, einkum á smærri stöðum, hafa ekki afl til að liggja með mikinn bókalager, geymslur þeirra oft ekki hæfandi bókum, sem eru viðkvæmar og vandaðar og þola ekki hnask. Þess vegna höfum við tekið upp þann hátt, að afgreiða beint frá forlaginu pantanir einstaklinga,

hvar sem er í borg og byggð. Við sendum bækurnar beint til kaupandans, honum að kostnaðarlausu. Það er í ráði að hafa þessa bók þetta fyrirkomulag hefur mælt vel fyrir.

Mér er óhætt að fullyrða, að fjórðungur af upplagi hverrar bók ar hafi eyðilagzt á því að liggja úti um allar trissur í vanhírðu hjá bóksölum, sem ekki höfðu bómagn til að búa sómasamlega um bækurnar.

Við erum enn fremur farnir að selja öllum bóksölum gegn staðgreiðslu, þurfum þannig ekki að biða marga mánuði, kannske heilt ár, eftir uppgjöri og höfum því fjármagn til umfangsmeiri útgáfu en áður. Bóksalar hafa allir tekið þessu breytta formi með skilningi og samvinnan við þá gengið vel. Eg tel gamla fyrirkomulagið dauðadæmt.

— Hverjar eru helztu bækur, sem Helgafell gefur út fyrir jól?

— Fyrst er að telja Ásmundar-bók, forkunnarfagra og afar vandaða bók um Ásmund Sveinsson myndhöggvara, líf hans og list.

Halldór Kiljan Laxness hefur ritað langa ritgerð um listamanninn og verk hans, þar er fjallað af snilli um mikinn snilling. Ritgerðin verður á fjórum tungumálum. Við fengum afbragðsljósmyndara, sérfræðing í ljósmyndun á höggmyndum, til þess að taka myndir af öllum verkum Ásmundar. Í bókinni verða um 200 listaverkamyndir, flestar þeirra í litum. Auk þess verða í bókinni fjölskyldumyndir og myndir úr lífi Ásmundar.

Eg fór með undirbúningseintak af bókinni til útlanda og leitaði til sérfræðinga í bókagerð. Þeir önnuðust uppsetningu og skipulag á myndum og lesmáli, gerðu bókina svo úr garði, að hún hefur hlotið lof allra þeirra bókagerðar-

manna, sem hafa séð hana. Sjálfur er Ásmundur mjög ánægður. Það er í ráði að hafa þessa bók einnig á erlendum markaði, enda er hún þar talin fyllilega samkeppnisfær.

Þá eru í vændum sjö aðrar málverkabækur með listaverkum enn fleiri listmalara. Fyrst er að telja málverkabók Ásgríms Jónssonar. Sú bók, sem Helgafell gaf út með myndum hans fyrir mörgum árum, er nú löngu uppseld. Í þessari nýju bók verða þó eingöngu nýjar myndir og bókin verður öll önnur en sú gamla. Þá er á döfinni ný málverkabók Kjarvals og einnig bækur með listaverkum þeirra Gunnlaugs Schevings, Gunnlaugs Blöndal, Þorvaldar Skúlasonar, Þórarins B. Þorlákssonar og Sigurjóns Ólafssonar. Þessar bækur hafa lengi verið í bígð.

gerð hans í þessu hefti. Í ráði er einnig sérstök ensk útgáfa úr þessu safni, valdar verða nokkrar ritgerðirnar og þýddar á ensku. Þýðinguna annast þeir Kristján Karlsson og Jóhann Hannesson skólameistari.

Þá eru komnar út þrjár bækur eftir Halldór Kiljan Laxness, önnur útgáfa af Atómstöðinni, sem um nokkurt skeið hefur verið uppseld og svo þriðja útgáfa af Sjálfstæðu fólki. Loks er Strompleikurinn, sem vakið hefur deilur og umtal eins og flest öll verk Kiljans.

Í vændum er einnig lokabindið af verkum Gunnars Gunnarssonar í útgáfu Landnámu. Í þessu bindi er ýmislegt efni, leikrit, þættir, sögur og greinar.

Svo eru væntanlegar nýjar bækur eftir átta íslensku höfundum. Sögur að norðan heitir safn af frá-

bækur eftir íslensku höfundum. Ut er komin ljóðabók Ara Jósefssonar undir heitinu NEI. Er það fyrsta ljóðabók Ara, en hann hefur birt ljóð sín í tímaritum og dagblöðum. Sigurður A. Magnússon sendir frá sér aðra ljóðabók sína, Hafið og kletturinn. Loks er von á ljóðabók eftir nýjan höfund, Högn Eyjólfsson, kennara.

Loks er að geta nokkurra Old Boys. Helgafell gefur út leikrit Sigurðar Nordal, Á Þingvelli 984, en það var sýnt Ólafi Noregskonungi, er hann var hér í opinberri heimsókn á dögnum. Þrjár bækur eru væntanlegar eftir Þórberg Þórðarson. Á leið til elskunnar minnar er eins konar útdráttur, sniðin eftir dönsku útgáfunni. Þá kemur út íslenskur aðall í enskri þýðingu, og ritar Kristján Karlsson ritgerð um höfundinn og verk

VIÐ UPPHAF

Þá kemur út bókinn Ísland í máli og myndum. Þar rita 12 Íslendingar og gera grein fyrir eftirlætisstað sínum, lýsa honum og skilgreina. Sams konar bók kom út í fyrra og hlaut góðar undirtektir. Í þessa nýju bók rita m. a. Jón Eyþórsson, Haraldur Böðvarsson, Sverrir Kristjánsson, Karl Kristjánsson og Guðmundur Kjartansson jarðfræðingur. Í sambandi við útkomu bókarnar í fyrra efndi Helgafell til verðlaunakeppni meðal ungra manna um bestu staðarlýsingu. Verðlaunin hlaut Njórður P. Njarðvík kennari, og birtist rit-

sögubáttum eftir Hannes Pétursson, mér skilst, að þetta séu meira og minna sannsögulegir þættir.

Mín liljan fríð, heitir ný skáldsaga eftir hina vinsælu skáldkonu Ragnheiði Jónsdóttur. Er þetta sjöunda skáldsaga Ragnheiðar, en alls hefur hún ritað rúmar 20 bækur, megnið unglingsbækur.

— Þessi nýja skáldsaga gerist í litlu sjávarþorpi um aldamót, sagði frú Ragnheiður í viðtali við Tímann, efnið hef ég haft lengi í huga, raunar verið að velja því fyrir mér allt frá unglingsárunum. Aðalsöguhetjan er eitt af mörgum listamannsefnum okkar, sem borin hafa verið út. Mér þykir mjög vænt um þessa söguhetju mína og kvíði fyrir því að senda hana frá mér. Heimanbúnaður hennar átt sér lengri aðdraganda en flestar aðrar sögupersónur mínar og hún er mér samgrónari á margan hátt.

Þá er í vændum ný bók eftir Thor Vilhjálmsson. Henni hefur enn ekki verið gefið nafn, en höfundurinn er á ferðalagi erlendis. Er væntanleg bók eftir hann í sænskri þýðingu innan skamms.

Ragnar Jónsson sagði, að hin nýja bók Thors væru samantengdir þættir, nokkurs konar svitur. Frekari fréttir verða að biða síns tíma.

Loks eru á ferðinni þrjár ljóðabók-

hans. Þýðinguna hefur annast prófessor K. Chapman, sem hefur þýtt margt úr nútímabókmenntum íslenszkum. Loks er nýtt kvæði eftir Þórberg í bókarmáli. Ekki er okkur kunnugt nafn kvæðisins, en það er ort sem ádeilukvæði á skáldskaparstefnu Hannesar Péturssonar og er stef kvæðisins tekið úr einu ljóða Hannesar: Undarleg ósköp að deyja. Kvæði þetta mun Þórbergur hafa haft lengi í smíðum.

Kristmann Guðmundsson hefur ritað bók sem heitir Garðshorn og fjallar um trjárekt og blómarækt, en hann er sem kunnugt er, mikill sérfræðingur á því sviði.

Helgafell gefur út eina barna- og unglingsbók, Rauða hattinn, litprentaða myndabók. Ásgerður Esther Búadóttir hefur samið textann og gert myndirnar. Textinn er á fimm tungumálum, ensku, þýzku, frönsku, dönsku og íslensku.

Helgafell hefur hug á fleiri unglingsbókum í þeim flokki, m. a. Sumardögum eftir Sigurð Thorlacius skólastjóra og Dimmalimm eftir Mugg.

Loks er að geta sjálfsævisögu rússneska Nóbelsverðlaunaskálds-Boris Pasternak í þýðingu Geirs Kristjánssonar. Í bókinni er mikill fjöldi ljósmynda úr ævi skálds-

ins.



Vitund og verund heitir ný bók eftir Brynjólf Bjarnason fyrrum menntamálaráðherra. Heimskringla gefur bókina út. Í henni er að finna fjórar ritgerðir um „ólík efni, en þó tengdar saman af einu grunnvallarsjónarmiði.“

Það, sem er sameiginlegt með þeim, felst líka að nokkru leyti í nafni ritsins. Hver með sínum hætti víkja þær allar að sama viðfangsefninu: sambandi vitundar og hlutveruleika. Lændum til glöggvunar skulu hér tilgreind heiti ritgerðanna: 1. Um efnishyggju 2. Tilviljun — lögmál — tilgangur. 3. Þjóðfélagslögmál og siðgæði. 4. Um fegurð.

Ný ljóðabók eftir Hannes Sigfússon er komin út hjá sama forlagi. Hún nefnist Sprek á eldinn og er þriðja bók höfundar. Sú fyrsta kom út 1949. Bókin hefst á löngu kvæði, sem ber yfirskriftina Ættjarðarkvæði, en skiptist síðan í tvo meginhluta, Viðtöl og eintöl er fyrri hlutinn, en sá síðari Landnám í nýjum heimi.



HANNES SIGFÚSSON



Ásmundur Sveinsson í vinnu með hjólbörur